

Fundargerð

15. stjórnarfundur FHA haldinn 17. ágúst 2010 kl. 09:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB) og Rúnar Gunnarsson (RG). Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fastur fundartími

Ákveðið var að fastir fundur stjórnar FHA yrðu á þriðjudögum kl. 12.00-13.00. Áætlað er að funda aftur eftir þrjár vikur, síðan jafnvel á tveggja til þriggja vikna fresti til að byrja með.

2. Styrkur til Tony Chan

Erindi barst frá Tony Chan þar sem hann óskaði eftir fjárstyrk frá félaginu til þess að flytja heim til Kanada en ráðningu hans við HA lauk 31. júlí sl.

Lagt var til að greiða flugfargjald fyrir börn hans frá Keflavík til Toronto í Kanada samtals að upphæð kr. 338.985. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Reglur í námssjóð FHA

Að svo stöddu liggja ekki fyrir ný drög að reglum fyrir námssjóð FHA. Ákveðið var að á næsta fundi yrðu þau lögð fram. Samþykktar voru fjórar umsóknir í námssjóðinn á þessum fundi enda var um að ræða umsóknir frá fastráðnu starfsfólki í fullri stöðu sem ekki hafði fengið úthlutað áður á þessu ári.

4. Önnur mál

a) *Almennur félagsfundur.* Ákveðið var að almennir félagsfundir yrðu á fimmtudögum kl.

14.30. HG lagði til að á fyrsta almenna félagsfundinum í vetur yrði kynning á styrktarsjóði BHM og námssjóði FHA. KG benti á að einnig væri nauðsynlegt að kynna betur stigamatið fyrir félagsmönnum. Stefnt er að fyrsta fundi 16 eða 23 sept. nk.

b) *Grill á Végeirsstöðum.* HG lagði til að það yrði grill á Végeirsstöðum fyrir félagsmenn FHA nú á haustmánuðum. Samþykkt var að það yrði haldið fimmtudaginn 2. sept. kl. 17.00. Hver og einn kemur sjálfur með mat á grillið.

c) *Opnun HA.* Rætt var um að félagið myndi bjóða upp á grillaðan hval á opunarhátíðinni og að það yrði útbúið plagat sem upplýsingum um FHA. HG og HS tóku að sér að skoða þetta.

d) *Kennslueiningar.* Rætt var um kennslueiningar en það er misjafnt hvernig kennarar skipta kennslueiningum milli þeirra sem kenna saman áfanga. HS getur sett fram viðmiðunarreglur.

e) *Stjórnunarhluti starfs.* Stjórnunarskyldan var færð úr 6% í 12% um síðustu áramótin samkvæmt samkomulagi við HA. HA hefur enn ekki skilgreint hvernig þessum auka 6% skuli ráðstafað.



Félag háskólakennara
á Akureyri

- f) *Kjaramál.* HG uppfærddi fundinn um stöðu mál. Hann gerir ráð fyrir að nú í haust verði þó nokkuð um fundi tengdan þessu en kjarasamningar hafa verið lausir í meira ein eitt ár. BHM endurgreiðir okkur ferðir á miðstjórnarfundum en hins vegar þarf FHA að greiða fyrir aðra fundi.
- g) *Málefni HA.* Rætt var um ákvarðanir sem teknar hafa verið af yfirstjórn skólans og háskólaráði á undanförunum mánuðum en sumar af þessum ákvörðunum hafa komið niður á okkar félagsmönnum.
- h) *Prókúra á reikninga FHA.* Ákveðið var að framkvæmdastjóri og gjaldkeri hefðu prókúru á reikninga FHA. HG og HS funda með Ásu.
- i) *Næsti fundur.* Ákveðið var að næsti fundur yrði eftir þrjár vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30